

Snæfellsbær
b/t Valgerður Hlín Kristmannsdóttir
Snæfellsási 2
360 Snæfellsbær

Reykjavík 24. júní 2019
UST201905-317/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Snæfellsbæjar vegna skógræktarsvæða í Ólafsvík

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar er barst 24. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á landnotkun á opnu svæði á tveimur stöðum í Ólafsvík verður breytt í skógræktarsvæði. Annars vegar er áætlað að stækka skógræktarsvæði austast í bænum þannig að SL-1 verði samfellt svæði og stækkar því úr 31,6 ha í 34,4 ha. Hins vegar er fyrirhugað nýtt skógræktarsvæði SL-2 í Enni, sem verður um 5,3 ha.

Skógrækt og ásjúnd

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skógræktarsvæðið falli vel að landslaginu en í 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.*“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt formum landslags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað. Til að unnt verði að ná þessum markmiðum ætti að hanna skógrækt á hverjum stað.

Gróðurfar og fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan svæðisins þar sem skógrækt er áformuð er m.a.

vistgerðin lyngmóavist sem hefur miðlungs verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í lyngmóavist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*) sem nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóa og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að forðast rask á ofangreindri vistgerð og búsvæði fuglanna í umhverfismati, en Umhverfisstofnun bendir á að skógrækt geti haft neikvæð umhverfisáhrif á ríkjandi vistgerðir og búsvæði fuglanna.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur